

Þingsályktun

um fræðslu í fjármálaumsýslu í skólum.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta útbúa námsgögn um almenna fjármálaumsýslu fyrir efsta bekk grunnskólans, sem og framhaldsskólann, og gera fræðslu um hana að skyldunámsefni á þessum námsstigum. Ráðuneytið ákveði í hvaða námsgreinum fræðslunni verði best fyrir komið.

Markmið fjármálafræðslunnar verði:

1. að taka til meðferðar sem flest er við kemur almennri fjármálaumsýslu, þar með talin gerð greiðslu- og kostnaðaráætlana, og setja efnið þannig fram að það verði öllum aðgengilegt og skýrt,
2. að gera ungt fólk betur meðvitað um fjármál og um leið fjárskuldbindingar með því m.a.:
 - að kynna nemendum meðferð greiðslukorta og notkun tékkhefta,
 - að kynna nemendum almennar reglur um lántökur, svo sem víxla- og skuldabréfaviðskipti, vaxtamál og hvaða ábyrgð felst í því að gerast ábyrgðarmaður á skuldaviðurkenningum,
 - að tengja þessi námsgögn réttindum og skyldum manna er þeir verða fjárráða.

Samþykkt á Alþingi 12. mars 1991.